

Kvenfélagið Freyja, Arnarneshreppi

2022/52

12. maí 1918 var haldinn almennur kvennafundur í þinghúsinu að Reistará í Arnarneshreppi. Tilgangur fundarins var að stofna kvenfélag til hjálpar fátækum og sjúkum. Fundinn sóttu 30 konur og gerðust þær stofnendur auk sex annarra sem ekki gátu sótt fundinn. Voru samþykkt lög fyrir félagið og kosnar voru í stjórn:

Jóhanna Friðriksdóttir, formaður.

Geirlaug Konráðsdóttir, ritari.

Margrét Jónsdóttir, gjaldkeri.

Einnig var kosið í tvær nefndir, fátækranevnd og skemmtinevnd.

Upphaflega hét félagið Góðgerðarfélagið Freyja. Árið 1925 var nafninu breytt og starfssvið gert frjálsara, en líknarstarf var þó eftir sem áður aðaltilgangur félagsins.

Félagið kostaði stúlku til hjúkrunarnáms sem vann síðan fyrir félagið um nokkurt skeið. Eftir 1927 var félagið með ólærða hjálparstúlku í mörg ár, og var hún lánuð á heimili þegar veikindi bar að höndum, en eftir 1945 lagðist þessi starfsemi af því félagið gat ekki fengið stúlku til starfa.

Árin 1919 – 1935 gaf félagið út blað sem nefndist Fjórлаufa smárinn og birti frumsamið efni. 1928 stofnaði félagið Líknarsjóð Arnarneshrepps.

1934 kom það upp trjáreitnum Freyjulundi og þar unnu félagskonur á hverju vori.

Félagið stóð að fatagjöfum til fátækra fyrir jólin og að vori, hélt heimilisiðnaðarsýningar, var með handavinnukennslu fyrir börn og greiddi að hálfu fyrir handavinnu- og leikfimikennslu í skóla hreppsins. Það gaf Möðruvallakirkju gjafir og hélt árlega samkomur þar fyrir börnin í sveitinni. Einnig hélt það skemmtisamkomur, fór skemmtiferðir, hélt út leiklistarstarfsemi, lagði fé til félagsheimilisins og lagði fé til allskonar verkefna og góðgerðasamtaka innan hreppsins og í Eyjafirði öllum.

Starfsemi félagsins virðist hafa lognast út af kringum aldamótin 2000, með hjálp tímarit.is sést að kvenfélagskonur skrifa nafn félagsins undir minningargrein um eina af félagskonum sínum árið 1997, árið 2001 á Brynhildur Hermannsdóttir, ljósmóðir, áttæðisafmæli og er titluð heiðursfélagi í Kvenfélaginu Freyju. Eftir það virðist ekkert vera skrifað meira um félagið í dagblöðum og ekkert um að félagið sjálft auglýsi starfsemi sína.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. maí 2023

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2022 / 52

A-Kvenfélagið Freyja Arnarneshreppi

A-Kvenfélagiði Freyja Arnarneshreppi

1949 - 1982

A	1	1	1949 - 1982	Fundargerðarbók.
A	2	1	-	Fundarhamar.